

17. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær lögöld eða gera í þeim fjárnám.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 5, 28. febrúar 1975 sbr. 6. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 3. júní 1975.

Geir Hallgrímsson.

Björn Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 135 4. mars 1975, sbr. reglugerð nr. 66 3. apríl 1970.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. mars 1975.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu á Akureyri.

1. gr.

Félagsmálaráð og félagsmálastjóri fara með yfirstjórn heimilisþjónustunnar á Akureyri. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum þess aðila, er félagsmálaráð ræður til þess.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísun læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður, félagsráðgjafa eða að öðrum tilvísunum, sem forstöðumaður metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálastofnun metur að nauðsyn sé hverju sinni. Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.

2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist, eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Ráðgjöf um hússtjórn.
6. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð gengst fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk heimilisþjónustunnar. Námskeið þessi skulu haldin svo oft sem þurfa þykir.

4. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

5. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Akureyrar setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er félagsmálaráði að víkja frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Skrifstofa Akureyrarkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

7. gr.

Forstöðumaður heimilisþjónustu lætur félagsmálaráði árlega í té skýrslu um starfsemina undanfarið ár. Félagsmálaráð leggur skýrsluna fyrir bæjarráð ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur félagsmálastofnunar.

8. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breyting á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 49 10. apríl 1959 um heimilishjálp á Akureyri.

Félagsmálaráðuneytið, 1. apríl 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.